

frá lögbirtingu dóms þessa og honum að
öðru leyti að fullnægja með aðför að lögum.

Nr. 35/1900: Sveinbjörn Guðmundsson
gegn
Stjórnarnefnd kvennaskólans
á Ytríey.

D ó m u r:

Mál þetta er í héraði höfðað fyrir gestarétti Húnavatnssýslu af stjórnarnefnd kvennaskólans á Ytríey, eiganda jarðarinnar Ytríeyjar, gegn Sveinbirni Guðmundssyni ábúanda á jörðinni Kambakoti, til skaðabóta fyrir þá sök, að hann sumarið 1899 hafi slegið og hirt engjastykki, sem liggja undir Ytríey, og var það útkljáð með gestaréttardómi nefndrar sýslu, gengnum 17. apríl 1900, þannig, að Sveinbjörn Guðmundsson í Kambakoti skyldi greiða stjórnarnefnd kvennaskólans á Ytríey eða af hennar hendi Sigurði bónda Sigurðssyni, er málið flutti fyrir skólann, 50 kr. í skaðabætur og 40 kr. í málskostnað.

Þessum dómi hefir Sveinbjörn Guðmundsson áfrýjað til landsyfirdómsins með stefnu 16. okt. f. á. og þar krafist aðallega, að málinu verði vísað frá meðferð gestaréttarins og héraðsdómurinn þannig úr gildi fellur, eða, að málinu verði vísað heim til löglegri meðferðar frá því stigi, er vitnaleiðsla um landamerki hófst, en til vara, að áfrýjandi verði sýknaður af kærnum og kröfum stjórnarnefnd-

ar kvennaskólans á Ytriey, og loks, að stjórnar-
nefndin fyrir hönd skólans verði in solidum dæmd
til að greiða áfrýjanda allan málskostnað fyrir
báðum réttum með einhverri upphæð nægilegri
eftir mati yfirdómsins, hvort sem málið verði dæmt
að forminu eða efninu til. Hins vegar hefir hinn
stefndi krafist, að hinn áfrýjaði dómur verði stað-
festur, að nokkur ummæli áfrýjanda fyrir gesta-
réttinum verði dæmd dauð og ómerk, og að á-
frýjandi verði dæmdur í málskostnað fyrir yfir-
dómi.

Frávísunarkrafa áfrýjanda er byggð á því, að
málið sé í raun réttri landamerkmál og eigi því
undir merkjadóm; en það er ekki svo. Málið er
hreint og beint skaðabótamál, eins og það er höfð-
að, og það gjörir enga breytingu í þessu tilliti,
þótt landamerkin milli jarða þeirra, sem deilan er
milli í máli þessu, yrðu, ef upplýst væru, að ráða
úrslitum þess, og verður því frávisunarkrafa á-
frýjanda, í heild sinni eða að nokkru leyti, ekki
tekin til greina.

Það er viðurkennt af pörtunum í málinu, hvar
engjastykki það, sem áfrýjandi sló og hirti, er,
og er því ekki þörf í þessu máli að meta vitnis-
burði vitna þeirra, sem leidd hafa verið viðvíkj-
andi þessu atriði. Um upphæð skaðabótakröfu
stefnda er heldur enginn ágreiningur. Ágreining-
urinn er þannig einungis um, hvorri jörðinni engja-
stykkið fylgi.

Stefndi hefir viljað sanna eignarrétt sinn eða
Ytrieyjar að engjastykkinu með landamerkjaskrá

fyrir Ytriey saminni 16. maí 1891 og þinglesinni 23. maí s. á. Áfrýjandi hins vegar styður rétt sinn eða Kambakots til engjastykkisins á landamerkjaskrá fyrir Hafursstöðum með hjáleigunum Hafursstaðakoti og Kambakoti ritaðri í marzmán. 1890 og þinglesinni 22. maí s. á. Hvorugri þessari landamerkjaskrá var mótmælt, þá er þær voru þinglesnar. En í þessu máli eru komin fram mótmæli gegn merkjaskrá Ytrieyjar. 2 af þeim, sem eiga að hafa undirskrifað merkjaskrána, og annar þeirra er eigandi Kambakots, hafa svarið það, að þeir hafi hvorki sjálfir skrifað nöfn sín undir skrána, né heimilað neinum öðrum að gjöra það; þar við bætist, að nafn eins þeirra, er áttu að undirskrifa skrána, vantar. Samkvæmt nefndri skrá virðist engjastykkið að fylgja Ytriey; en með því skráin er vefengd, eins og áður segir, getur stefndi ekki byggt neinn rétt á henni. Merkjaskrá Kambakots er ekki vefengd; en samkvæmt henni eru merkin ekki nógu glögg, þar sem ekki er sannað í málinu, hvar markasteinar þeir séu, sem hún til nefnir. Þar sem stefndi þannig ekki hefir sannað í málinu, að áfrýjandi hafi slegið og hirt í Ytrieyjarlandi, verður að sýkna áfrýjanda af kærum og kröfum stefnda í þessu máli. Samkvæmt þessum úrslitum málsins þykir rétt, að málskostnaður fyrir báðum réttum falli niður. Ekki þykir næg ástæða til að dæma þau af stefnda átöldu orð dauð og marklaus.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi Sveinbjörn Guðmundsson á í þessu máli að vera sýkn af kærum og kröfum stefnda, stjórnarnefndar kvennaskólans í Ytríey. — Málskostnaður fyrir báðum réttum falli niður.

Mánudaginn 22. júlímánaðar.

Nr. 20/1901:

Réttvísín

gegn

Jóhannesi Jóhannessyni.

D ó m u r:

Með aukaréttardómi Akureyrarkaupstaðar, uppkveðnum 27. febr. þ. á., var hinn ákærði Jóhannes skipstjóri Jóhannesson frá Sauðárkróki dæmdur fyrir skjalafals, svik og tilraun til svika til að sæta 18 mánaða betrunarhússvinnu, og til að greiða í iðgjöld til sparisjóðs Norðuramtsins 70 kr. 68 aur. Svo skyldi hann og greiða allan af málinu leiðandi kostnað, þar á meðal 8 kr. í málsvarnarlaun til verjanda síns í héraði cand. Valdimars Thorarensen. Dómi þessum hefir eftir ósk hins dómfelda og af hálfu réttvísinnar verið skotið til yfirdómsins.

Síðastliðið sumar eða haust váttrygði ákærði líf sitt fyrir 2000 kr. hjá umbodsmanni lífsábyrgðarfélagssins »Scandia« á Sauðárkróki, þar sem ákærði átti heima. Í vetrarbyrjun var ákærði, sem á fyrir konu og börnum að sjá, í miklum